

# Reglur um lénaskráningu

Eftirfarandi reglur um skráningu léna og stjórnun á léninu .is gilda frá 29. október 2008. Einnig eru í gildi eftirfarandi viðskiptaskilmálar.

1. 1. Almennt
2. 2. Beiðni um skráningu léns
3. 3. Skráning léna
4. 4. Tæknileg uppsetning léna
5. 5. Breyting á vistun léna
6. 6. Umskráning léna
7. 7. Greiðslur fyrir lén
8. 8. Brottfall léna
9. 9. Úrskurðarnefnd léna
10. 10. Kærur til úrskurðarnefndar
11. 11. Vinnureglur úrskurðarnefndar
12. 12. Ábyrgð ISNIC
13. 13. Gildistími

## 1. Almennt

Eftirfarandi reglur hafa verið samþykktar af ISNIC - Internet á Íslandi hf., sem annast skráningu og stjórnun á þjóðarléninu .is. Markmið reglnanna er að tryggja öryggi við skráningu léna og að skráningarferlið sé eins skilvirkt og gagnsætt og kostur er. Skráning léns felur ekki í sér eignarrétt að léninu, heldur einungis ótímabundinn rétt til notkunar á léninu, í samræmi við gildandi reglur skráningaraðila á hverjum tíma.

### 1.1. Skilgreiningar

#### 1.1.1. Lén

Lén er auðkenni á Internetinu. Lénnafn má einungis innihalda stafi úr enska stafrófinu, tölustafi og bandstrik og íslensku stafina áéyúíó og þæöð. Lénnafn má ekki byrja eða enda á bandstriki, og má ekki innihalda bandstrik í þriðja og fjórða staf. Lénnafn ásamt endingunni .is má ekki vera lengra en 66 stafir, ACE umritun léns með íslenskum stöfum má ekki vera lengri en 59 stafir. Ekki er gerður greinarmunur á stórum og litlum stöfum í léni.

#### 1.1.2. Umsækjandi

Umsækjandi er sá sem skráir lén.

#### 1.1.3. Rétthafi

Rétthafi er sú lögpersóna sem skráð er fyrir léni hjá ISNIC. Eftir skráningu léns hjá ISNIC getur rétthafi léns farið fram á breytingu á tengilið rétthafa léns. Rétthafi getur einnig lagt lén niður eða framselt það til annars aðila. Rétthafi hefur ekki heimild til að

gera aðrar breytingar á skráningu léns en þær sem tilgreindar hafa verið hér. Erlendur réttihafi er sá sem ekki hefur skráð íslenska kennitölu.

#### **1.1.4. Tengiliður réttihafa (stjórnunarlegur tengiliður)**

Tengiliður réttihafa léns er sá sem ber ábyrgð á léni fyrir hönd réttihafans. Tengiliður réttihafa hefur heimild til að breyta öllum atriðum er varða skráningu léns, m.a. breytt vistun þess, umskráð eða lagt niður.

#### **1.1.5. Tæknilegur tengiliður**

Tæknilegur tengiliður er sá sem ber ábyrgð á að lén sé tæknilega rétt uppsett.

#### **1.1.6. Greiðandi**

Hlutverk greiðanda er að taka við tilkynningum/reikningum vegna léngjalda og ber hann jafnframt ábyrgð á greiðslu þeirra.

#### **1.1.7. Vistunaraðili**

Vistunaraðili er sá sem vistar lén fyrir réttihafa.

#### **1.1.8. Þjónustuaðili**

Þjónustuaðili er vistunaraðili sem býður eða hyggst bjóða almenningi þjónustu varðandi vistun léna og hefur af því tilefni gert sérstakan þjónustusamning við ISNIC um skráningu á þeirri þjónustu á vef ISNIC.

#### **1.1.9. Umboðsmaður**

Umboðsmaður er sá aðili sem kemur fram fyrir hönd erlends réttihafa. Umboðsmaður gerir samkomulag við ISNIC þar sem tilgreind eru réttindi og skyldur samningsaðila.

#### **1.1.10. Réttihafaskrá**

Réttihafaskrá er sérstök skrá sem ISNIC heldur. Í réttihafaskrá kemur fram hver er réttihafi yfir hverju léni fyrir sig.

#### **1.1.11. Endurnýjun**

Endurnýjun merkir að réttihafi endurnýji réttindi og skyldur sem fylgja léninu samkvæmt reglum ISNIC sem í gildi eru þegar endurnýjun fer fram.

#### **1.1.12. Umskráning**

Umskráning merkir að öll réttindi og skyldur sem felast í skráningu léns færast yfir á nýjan réttihafa.

#### **1.1.13. Afskrá og afmá**

Að afskrá og afmá lén merkir að lén er fjarlægð úr réttihafaskrá ISNIC og tilvísanir í gögn varðandi lénið eru fjarlægðar. Þegar lén er afskráð og afmáð fellur réttur til lénsins niður og lén er merkt til laust til skráningar á ný.

#### **1.1.14. Uppsögn**

Uppsögn á léni felur í sér beiðni um að afskrá og afmá lén.

### **1.1.15. Biðsvæði**

Biðsvæði merkir að rétthafi hafi skráð lén með tæknilegum formerkjum en hefur ekki aðgang að því að neinu leyti, svo sem tölvupóstaðgang eða uppsetningu á vef.

### **1.1.16. Upplýsingar í rétthafaskrá**

Rétthafi og tengiliðir bera ábyrgð á að réttar upplýsingar séu skráðar í rétthafaskrá ISNIC. ISNIC uppfærir nöfn íslenskra rétthafa og tengiliða samkvæmt þjóðskrá og fyrirtækjaskrá daglega. ISNIC áskilur sér rétt til að uppfæra heimilisföng hjá íslenskum rétthöfum og tengiliðum til samræmis við þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá sé þess óskað.

## **2. Beiðni um skráningu léns**

### **2.1. Almenn**

Umsækjandi sem óskar eftir að fá skráð lén gengur frá greiðslu á árgjaldi fyrsta árs og skráir lénið á vef ISNIC. Umsækjandi skal hafa hæfi til þess að skuldbinda sig eða viðkomandi lögaðila í samræmi við gildandi lög á hverjum tíma.

## **3. Skráning léna**

**3.1.** Við skráningu léna hjá ISNIC er þeirri meginreglu fylgt að "fyrstur kemur fyrstur fær" reyni tveir eða fleiri að skrá sama lén og uppfylla báðir skilyrði sem sett eru fyrir skráningu.

**3.2.** ISNIC áskilur sér rétt til að hafna skráningu léns séu skilyrði um nafn léns ekki virt eða falli það ekki að hefðum og almennum reglum á Internetinu.

**3.3.** ISNIC getur hvenær sem er krafist gagna sem staðfesta að umsækjandi uppfylli skilyrði sem gerð eru varðandi skráningu léna.

**3.4.** Umsækjandi, sem fær skráð lén, verður þar með rétthafi viðkomandi léns í samræmi við reglur ISNIC. Rétthafi ber ábyrgð á að notkun lénsins sé í samræmi við gildandi lög og reglur á hverjum tíma. Rétthafi ber enn fremur ábyrgð á greiðslu gjalda vegna skráningar og endurnýjunar léns.

**3.5.** Rétthafi léns skuldbindur sig til að hlíta niðurstöðu sérstakrar úrskurðarnefndar léna sbr. **kafla 9-11** í reglum þessum.

**3.6.** Rétthafi léns er skuldbundinn til að bæta ISNIC allt tjón sem notkun lénsins getur valdið ISNIC.

**3.7.** ISNIC áskilur sér rétt til að hafna skráningu eftirfarandi léna sem jafnframt eru merkt "Reserved Domain" í rétthafaskrá ISNIC: net.is, com.is edu.is gov.is org.is og int.is

**3.8.** ISNIC áskilur sér rétt til að hafna skráningu léns á rétthafa án íslenskrar kennitölu ef skráningarupplýsingar um rétthafann eru augljóslega rangar og/eða ófullnægjandi.

## **4. Tæknileg uppsetning léna**

**4.1.** Lén þarf að vera vistað hjá vistunaraðila á Internetinu eða á biðsvæði áður eða um leið og það er skráð hjá ISNIC. Uppsetning léns hjá vistunaraðila skal fylgja reglum sem ISNIC setur á hverjum tíma um uppsetningu léna.

**4.2.** Nafnaþjónar (DNS þjónar) léns, venjulega staðsettir hjá vistunaraðila, verða að vera skráðir hjá ISNIC áður en lén er skráð.

## **5. Breyting á vistun léna**

**5.1.** Ákveði rétthafi léns að breyta um vistunaraðila þess felur hann tengilið rétthafa eða tæknilegum tengilið að framkvæma þá breytingu. Flutningsgjald er aðeins innheimt ef starfsmenn ISNIC sjá um breytingu að ósk aðila.

**5.2.** Skráður þjónustuaðili getur breytt vistun léna sem hann vistar.

## **6. Umskráning léna**

### **6.1. Almenn**

Umskráning á léni felur í sér framsal á léni og breytingu á rétthafa léns. Nýr rétthafi þarf að fullnægja reglum ISNIC eins og um nýskráningu sé að ræða. Umskráning er framkvæmd af tengilið núverandi rétthafa þannig að kennitölu rétthafa er breytt í kennitölu fyrirhugaðs rétthafa í rétthafaskrá ISNIC.

### **6.2. Innlendir rétthafi**

**6.2.1.** Innlendir rétthafi sem hefur fengið skráð lén getur farið fram á umskráningu á léni hvenær sem er. Tengiliður rétthafa léns eða rétthafi sendir beiðni þess efnis til ISNIC.

### **6.3. Erlendir rétthafi**

**6.3.1** Erlendur réttihafi sem hefur fengið skráð lén getur farið fram á umskráningu á léni hvenær sem er. Tengiliður réttihafa léns sendir beiðni þess efnis til ISNIC.

**6.3.2.** ISNIC áskilur sér rétt til að hafna umskráningu léns ef skráningarupplýsingar um nýjan réttihafa eru augljóslega rangar og/eða ófullnægjandi.

## **7. Greiðslur fyrir lén**

**7.1.** Meginreglan er að afnot af léni miðist við eitt ár í senn. Eindagi árgjalds er afmælisdagur (stofndagur) léns ár hvert. Skráningu léns og vistun á biðsvæði skal fylgja greiðsla. Greiðslur geta verið með greiðslukorti, greiðslu inn á bankareikning ISNIC eða með öðrum hætti sem ISNIC metur gildan.

**7.2.** ISNIC hefur sérstaka gjaldskrá þar sem fram kemur hvað þjónusta fyrirtækisins kostar hverju sinni.

**7.3.** ISNIC endurgreiðir árgjald fyrsta árs hafi það verið greitt en skráningu hafnað. Aðrar greiðslur vegna léna eru óafturkræfar

## **8. Brottfall léna**

**8.1.** Réttur réttihafa yfir léni sem skráð er á hans nafni fellur niður eftir þeim reglum sem fram koma í þessum kafla.

**8.2.** Meginreglan er að afnot af léni miðist við eitt ár í senn. Eindagi árgjalds er afmælisdagur (stofndagur) léns ár hvert. Sé árgjald ógreitt á eindaga er léni lokað hjá ISNIC. Hafi lén verið lokað í 60 daga hjá ISNIC er það afskráð og afmáð, réttur yfir léni fellur niður og lénið er laust til skráningar á ný.

Lén eru almennt ekki afmáð á frídögum. Bætist þá frídagurinn við frestinn.

**8.3.** Sé léni ekki haldið við tæknilega, þ.e. nafnaþjónar þess ekki lengur tengdir, lén vantar í skilgreinda nafnaþjóna eða lén rangt sett upp í tilgreindum nafnaþjónum er viðvörðun send til tengiliðs réttihafa og tæknilegs tengiliðs lénsins. Sé viðvörðun ekki sinnt innan **60** daga frá sendingu er léni lokað. Hafi lén verið lokað í **60** daga hjá ISNIC er það afskráð og afmáð, réttur yfir léni fellur niður og lénið er laust til skráningar á ný.

**8.4.** Tengiliður réttihafa léns getur sagt léni upp. Í framhaldi af uppsögn er lén afskráð og afmáð. Lénið er laust til skráningar á ný.

**8.5.** Réttur yfir léni fellur niður ef úrskurðarnefnd léna eða dómstólar komast að þeirri niðurstöðu að annar aðili eigi betri rétt til léns en sá sem er skráður fyrir léninu í rétthafaskrá.

**8.6.** Ef þjónustuaðili tilkynnir ISNIC að hann sé hættur þjónustu við ákveðið lén, þá mun ISNIC loka viðkomandi léni, svo fremi að lénið hafi verið tekið niður af nafnaþjónum þjónustuaðila.

**8.7.** Reynist upplýsingar um erlendan rétthafa léns augljóslega rangar þrátt fyrir ítrekaðar tilkynningar þar að lútandi til tengiliðar rétthafa, getur ISNIC lokað léni viðkomandi. Hafi lén verið lokað í 60 daga hjá ISNIC er það afskráð og afmáð, réttur yfir léni fellur niður og lénið er laust til skráningar á ný.

## **9. Úrskurðarnefnd léna**

**9.1.** Á vegum ISNIC starfar sérstök úrskurðarnefnd sem skal skera úr ágreiningsmálum er varða skráningu léna. Nefndin er sjálfstæð og óháð í störfum sínum. ISNIC framfylgir úrskurði nefndarinnar tíu dögum eftir úrskurð eða næsta virka dag þar á eftir. ISNIC framfylgir ekki úrskurði nefndarinnar hafi dómsmál verið höfðað vegna sama máls eða lögbann verið lagt á notkun viðkomandi léns áður en niðurstaða nefndarinnar liggur fyrir. Til nefndarinnar má vísa málum sem rísa vegna skráningar léna eða höfnun á skráningu léns.

**9.2.** Nefndarmenn skulu skipaðir af ISNIC. Í nefndinni skulu sitja þrjú menn og jafnmargir til vara. Formaður og varamaður hans, sem jafnframt er varaformaður skulu uppfylla hæfisskilyrði hæstaréttardómara. Einn nefndarmanna skal hafa faglega kunnáttu á sviði samkeppnis- og vörumerkjamála og einn þekkingu á sviði Internetsins og tækni. Skipunartími nefndarmanna er tvö ár í senn. Formaður og varamaður hans skulu skipaðir af ISNIC án tilnefningar, en aðrir nefndarmenn og varamenn þeirra eru skipaðir á grundvelli tilnefningar frá Internetsamfélaginu og Háskóla Íslands. Ritari nefndarinnar skal vera starfsmaður ISNIC. Ritari hefur ekki tillögurétt né heldur rétt til að hafa áhrif á störf nefndarinnar.

**9.3.** Nefndin skal hafa lögsögu til að úrskurða um lén sem skráð eru eða endurnýjuð eftir gildistöku þessara reglna.

**9.4.** Úrskurðarnefndin hefur einungis vald til að kveða á um umskráningu léns hjá ISNIC. Nefndin tekur ekki mál fyrir sem jafnframt eru til meðferðar hjá dómstólum. Þá getur nefndin vísað frá málum sem uppfylla ekki þau skilyrði sem sett eru um kærur til nefndarinnar eða mál sé þannig útbúið, óupplýst eða óljóst að ófært sé að úrskurða í því.

**9.5.** Greiðsla skal fylgja öllum kærum til úrskurðarnefndarinnar, kærugjald. Kæra er ekki tekin til meðferðar fyrr en greiðsla á kærugjaldi liggur fyrir. Gjaldið er óafturkræft.

## **10. Kæur til úrskurðarnefndar**

**10.1.** Kæur til nefndarinnar skulu vera skriflegar og sendar bréflega eða á rafrænu formi til ISNIC merkt "Úrskurðarnefnd léna"

**10.2.** Í kæru skal eftirfarandi koma fram:

- a) Upplýsingar um kæranda, nafn, kennitölu, heimilisfang, síma og netfang
- b) Hvaða léni kærán beinist að
- c) Kröfur kæranda
- d) Helstu málsástæður

Kæru skulu fylgja nauðsynleg gögn sem styðja málatilbúnað kæranda.

**10.3.** Úrskurðarnefnd skal tilkynna gagnaðila um framkomna kæru og láta honum í té framkomin gögn. Gagnaðila er veittur hæfilegur frestur til að koma athugasemdum til úrskurðarnefndar.

**10.4.** Úrskurðarnefnd er heimilt að afla sjálf viðbótargagna en gefur aðilum færi á að koma athugasemdum sínum á framfæri.

## **11. Vinnureglur úrskurðarnefndar**

**11.1.** Málsmeðferð fyrir úrskurðarnefnd er eingöngu skrifleg.

**11.2.** Úrskurðarnefndin skal taka afstöðu til atriða er varða form málsins, s.s. hæfis nefndarmanna og frávísunarkröfur. Skal nefndin gefa málsaðilum kost á að tjá sig um formsatriði áður en hún tekur afstöðu til þeirra nema slíkt sé talið augljóslega óþarft.

**11.3.** Vægi atkvæða ræður afgreiðslu mála fyrir nefndinni. Skal úrskurðarnefndin kveða upp úrskurð sinn, að öllu jöfnu, innan tveggja vikna frá því að öll nauðsynleg gögn hafa verið lögð fram. Úrskurði skal fylgja stuttur rökstuðningur.

**11.4.** Úrskurðir nefndarinnar skulu birtir í fullri lengd á vef ISNIC. Einnig skal varðveita samhljóða skriflega niðurstöðu. Ef nefndarmenn komast ekki allir að sömu niðurstöðu skal greina sérstaklega frá niðurstöðu minnihluta. Úrskurði skal varðveita tryggilega í gerðarbók, sem halda má á rafrænu formi.

**11.5.** Endurrit úrskurðar skal sent málsaðilum á rafrænu formi.

**11.6.** Úrskurðarnefnd úrskurðar aðeins í kærum á grundvelli eftirfarandi efnisreglna auk skráningarreglna ISNIC:

i) lén er eins og skrásett vörumerki sem orðmerki hjá Einkaleyfastofu og vörumerki hafi verið skráð áður en lén var skráð **og**

ii) að sá sem lénið skráði hafi ekki lögmæta hagsmuni af notkun lénsins **og**

iii) að sá sem lénið skráði hafi ekki verið í góðri trú um rétt sinn til lénsins þegar sótt var um skráningu þess.

Sem dæmi má taka eftirtalin atriði sem talin eru benda til að ekki hafi verið sótt um lén í góðri trú um rétt til lénsins:

i) að lén hafi verið skráð í þeim tilgangi að selja, leigja eða veita öðrum aðila aðgang að léninu fyrir verð sem er sannanlega hærra en sem nemur kostnaði við skráningu og endurnýjun léns **eða**

ii) lén hafi verið skráð í þeim eina tilgangi að hindra samkeppnisaðila í að skrá sama lén.

## **12. Ábyrgð ISNIC**

**12.1.** ISNIC ber ábyrgð á að skrá lén í samræmi við reglur þessar.

**12.2.** ISNIC ber ábyrgð á að framkvæma breytingar sem samrýmast reglum þessum og óskað er eftir af rétthafa léns, tengilið rétthafa léns eða úrskurðarnefnd léna.

**12.3.** ISNIC undanþiggur sig fébótaábyrgð vegna tjóns sem rakið kann að verða til dráttar á skráningu tiltekins léns eða höfnunar á skráningu tiltekins léns.

**12.4.** ISNIC verður ekki á neinn hátt gert ábyrgt vegna hugsanlegs tjóns sem úrskurðir úrskurðarnefndar geta haft í för með sér.

**12.5.** ISNIC undanþiggur sig fébótaábyrgð vegna tjóns sem rakið er til þess að léni er lokað eða það afskráð og afmáð vegna dóms eða lögbanns.

## **13. Gildistími**

**13.1.** Reglur þessar voru samþykktar af stjórn Internets á Íslandi hinn 20. nóvember 2000 og tóku gildi 1. desember 2000. Breytingar á liðum 1.1.3, 1.1.16 og 2.2.2 sem birtar voru



á vef ISNIC 25. október 2001 tóku gildi 1. desember 2001. Breytingar á lið 1.1.6 og niðurfelling bráðabirgða ákvæða sem birtar voru 30. ágúst 2002 tóku gildi 1. október 2002. Breytingar á grein 2.1 og grein 8.3, viðbót greina 5.2 og 8.6 ásamt niðurfellingu bráðabirgða ákvæða um skráningu IDN léna sem birtar voru í nóvember 2004, tóku gildi 7. janúar 2005. Breyting á greinum 2.3.1. og 6.3.1 um niðurfellingu á kröfu um staðfestingu á vörumerkjæign frá erlendum aðilum og afnám greinar 2.3.2, sem kvað á um undanþágu frá 2.3.1, og greina 6.3.2 og 6.3.3 um rétthafabreytingu erlendra léna var auglýst á isnic.is 13. ágúst 2007 og tók gildi 10. september 2007. Niðurfelling kröfu um íslenskan tengilið rétthafa taka gildi 29. október 2008. Við þær breytingar eru felldar út greinar 2.1 og 2.2, bætt við grein 3.8, 6.3.2, 8.7, og breytingar einnig gerðar á greinum 1.1.3, 2.1, 1.1.16.

**13.2.** ISNIC áskilur sér rétt til að breyta reglum þessum hvenær sem er, en þó þannig að breytingar taka ekki gildi fyrr en fullur mánuður er liðinn frá því að reglurnar eru kynntar á vef ISNIC, [www.isnic.is](http://www.isnic.is).